



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, 735. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, 735. mál. Er frumvarpinu er ætlað að ná fram því markmiði að auka samhæfingu og gæði einstakra áætlana á málefnasviðum innviðaráðuneytisins, skapa skarpari pólitíska aðkomu að stefnumótun og bætt samráð og samtal við almenning og hagsmunaðila. Samtökin fagna þeim markmiðum og telja mikilvægt að tryggja, í áætlanagerð stjórnvalda, samþættingu hinna ýmissu stefna, bæði innan málefnasviðs sama ráðuneytis en jafnframt á milli ráðuneyta.

Samtök iðnaðarins benda í því skyni á nýlega umsögn SI um grænbók innviðaráðuneytisins um húsnæðis- og mannvirkjamál þar sem samtökin óska eftir gerð heildstæðrar stefnu um mannvirkjagerð. Mannvirkjamál er töluvert víðtækur málaflokkur og teljast mannvirki, samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 (hér eftir „mannvirkjalög“), vera „*[h]vers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveita, hitaveitna, vatnsveitna og ijarsskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga.*“ Þá telst einnig til mannvirkja „*tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í iðjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar.*“ Að lokum segir að „*[m]annvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu tejist einnig til mannvirkja*“ samkvæmt lögnum.

Er mikilvægt, að mati SI, að vinna, á breiðum samstarfsvettvangi ráðuneyta, heildarstefnu á sviði mannvirkjagerðra og telja SI innviðaráðuneytið best til þess fallið að leiða þá vinnu. Að mati samtakanna kallar vinna við undirbúning heildstæðrar stefnu í mannvirkjamálum á samráð innviðaráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis með eftirfarandi rökstuðningi:

- *Innviðaráðuneyti* ber m.a. ábyrgð á samgöngum í lofti, á láði og legi, sveitastjórnarmálum, skipulagsmálum og húsnæðis- og mannvirkjamálum. Eðlilegt væri að innviðaráðuneytið leiði vinnu við undirbúning að stefnu í mannvirkjamálum.
- *Menningar- og viðskiptaráðuneytið* ber m.a. ábyrgð á höfundarétti og listum og menningu auk þess að hafa nýlega gefið út stefnu í hönnun og arkitektúr þar sem meðal aðgerða var að fara í endurskoðun á menningarstefnu í mannvirkjagerð.



- *Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti* ber m.a. ábyrgð á vísindum og rannsóknum, STEM greinum og iðnaði sem allt hefur mikil áhrif á framþróun mannvirkjagerðar hér á landi.
- *Mennta- og barnamálaráðuneyti* ber m.a. ábyrgð á iðn- og starfsnámi í byggingariðngreinum og umhverfi iðnmenntunar.
- *Fjármála- og efnahagsráðuneyti* ber m.a. ábyrgð á opinberum fjármálum, eignum ríkisins, tekjuöflun ríkisins og almennum umbótum í starfsemi hins opinbera. Opinberir aðilar eru einir stærstu verkkaupar á uppbyggingu mannvirkja á Íslandi.
- *Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti* ber m.a. ábyrgð á menningarminjum, umhverfisgæðum og -ábyrgð, hringrásarhagkerfinu, loftslagsmálum, umhverfismati framkvæmda og áætlana og loks orkumálum og auðlindanýtingu. Í gildi er vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð sem unninn var í breiðu samráði hagaðila og stjórnvalda sem óhjákvæmilega þarf að skipa stóran sess í stefnumörkun á sviði mannvirkjagerðar.

Samtök iðnaðarins hafa talað fyrir heildstæðri stefnumörkun í mannvirkjagerð, sem fellur öðrum fremur, undir málefnasvið innviðaráðuneytisins. Eru tækifæri til að marka þeirri stefnugerð farveg með frumvarpi þessu og horfa á mannvirkjagerð með heildstæðari hætti en verið hefur.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Björg Á. Þórðardóttir', is written over a horizontal line.

Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI